



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Orkumál: Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála

Skúlagötu 4

101 Reykjavík

*Sent í samráðsgátt*

Svartsengi, 30. október 2019

**Varðar: Umsögn HS Orku hf. um drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar**

## I.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur sett til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda drög að nýrri reglugerð um raforkuviðskipti. Drögin eru sett fram með stoð í 3. mgr. 20. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og fela í sér uppfærslu á reglugerð nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar, sem mun þá falla úr gildi verði hin nýju drög að reglugerð. Munu drögin vera í samræmi við aukna neytendavernd sem kveðið er á um í þriðju raforkutilskipun ESB.

Markmið þeirra breytinga sem drögin kveða á um munu vera þau að skerpa á rétti neytenda til að velja sér raforkusala, auðvelda notendaskipti, stytta uppsagnarfresti á sölusamningum raforku og auðvelda viðskipti með hleðslustöðvar raforku. Jafnframt eru lagðar auknar upplýsinga- og leiðbeiningarskyldur á sölufyrirtæki og dreifiveitur.

HS Orka styður að meginstefnu til þær breytingartillögur sem felast í framangreindum drögum að reglugerð um raforkuviðskipti. Raunar telur HS Orka að þær breytingar sem innleiddar hafa verið á Íslandi allt frá setningu raforkulaga nr. 65/2003 á grundvelli fyrri orkupakka ESB hafi verið til framfara og hagsbóta fyrir íslenskt samfélag. Þær hafa leitt af sér framþróun, aukna samkeppni og verðlækkun raforku á Íslandi, þó því miður hafi ekki tekist að lækka svo nokkru nemi kostnað við dreifingu og flutning raforku og er þar verulegt verk óunnið. Þá hefur innleiðingin tryggt að reglur um raforkumarkað á Íslandi eru í samræmi við það regluverk sem gildir á hinu evrópska efnahagssvæði. Umrædd drög fela í sér enn eitt skrefið á þeirri braut.

Þrátt fyrir að HS Orka sé þannig almennt fylgjandi því að drögin verði grunnur að nýrri reglugerð um raforkuviðskipti eru á þeim nokkrir vankantar sem rétt er að vekja athygli á.

## II.

Ein meginbreytingin í drögnum er sú að samkvæmt 4. tölul. 4. gr. ber sölufyrirtækjum að „standa skil á innheimtum gjöldum vegna flutnings- og dreifingarþjónustu til dreifiveitna“. Er þannig horfið frá núverandi fyrirkomulagi þar sem dreifiveitir eru í samskiptum við almenna notendur raforku og innheimta bæði eigin gjöld og gjöld sölufyrirtækja.

Rétt er að taka fram að HS Orka er ekki mótfallin breytingunni sem slíkri og telur að mörgu leyti mun eðlilegra fyrirkomulag að sölufyrirtæki sjái um öll samskipti við almenna notendur raforku og innheimti af þeim gjöld fyrir sölu, flutning og dreifingu raforku. Er raunar æskilegt að dreifiveitum verði ekki blandað inn í samskipti við notendur og þar með tekið með öllu fyrir þann möguleika að dreifiveitir geti haft áhrif á val notenda á söluaðilum. Hins vegar er um grundvallarbreytingu að ræða sem kveða verður með mjög skýrum og ítarlegum hætti á um í reglugerðinni. Að mati HS Orku eru núverandi drög ekki að öllu leyti nægilega afdráttarlaus til að uppfylla þau skilyrði.

- *Fyrir það fyrsta* er ljóst að umrædd breyting er verulega kostnaðarsöm fyrir raforkusölufyrirtæki. Mjög dýrt verður að taka yfir þá þjónustu sem dreifiveitir sinna með núgildandi fyrirkomulagi, svo sem samskipti við viðskiptavinum og innheimtu reikninga. Raforkusölufyrirtæki þurfa að koma sér upp innheimtukerfi, samskiptakerfum og ráðast í samningsgerð við ýmis þjónustufyrirtæki á þeim sviðum sem um ræðir. Hvergi í reglugerðinni er kveðið á um fjárhagslegt uppgjör, kostnaðarskiptingu eða þátttöku dreifiveitna í þeim kostnaði, sem væri að öllu leyti eðlilegt í því ljósi að á grundvelli núverandi fyrirkomulags bera dreifiveitir þennan kostnað. Þá er hvergi í drögnum að finna tekjuöflunarheimild til handa raforkusölufyrirtækjum til að standa undir kostnaðinum af breytingunni og hinu nýja hlutverki raforkusalanna, eða ákvæði um lækkun gjaldskrár dreifiveitu af sama tilefni. Verður við svo búið að gera ráð fyrir því að dreifiveitir endurgreiði þann kostnað sem raforkusölufyrirtæki verða fyrir við framangreinda breytingu, nema kveðið verði skýrt á um annað fyrirkomulag í reglugerðinni. Þá er ekki kveðið á um hvort eitt sölufyrirtæki megi taka að sér útgáfu fyrir annað sölufyrirtæki eða innheimta dreifiveitugjöld fyrir fleiri en eina dreifiveitu. Nauðsynlegt er að kveða á um allar þessar heimildir í reglugerðinni.
- *Í öðru lagi* er ekki með afgerandi hætti kveðið á um tímasetningar á yfirtöku raforkusölufyrirtækja á framangreindri þjónustu í drögnum. Ógerlegt er að raforkusölufyrirtæki taki yfir þjónustuna í einu veffangi við gildistöku reglugerðarinnar. Kveða þarf á um þrepaskiptan aðlögunartíma sem gerir bæði raforkusölufyrirtækjum og dreifiveitum kleift að bregðast við hinu breytta lagaumhverfi.
- *Í þriðja lagi* er ekki kveðið á um það í drögnum hvernig fari með tapaðar viðskiptakröfur sem raforkusölufyrirtækjum er ætlað að innheimta f.h. dreifiveitna. Nauðsynlegt er að tekið verði af skarið með að raforkusölufyrirtæki geta ekki borið ábyrgð á töpuðum kröfum dreifiveitna.
- Í þessu samhengi verður *í fjórða lagi* að benda á að samkvæmt 3. mgr. 7. gr. draganna er kveðið á um skyldu dreifiveitu til að leiðbeina notanda um val á raforkusala, auk þess sem dreifiveitum ber að hafa tiltækar upplýsingar um gjaldskrár sölufyrirtækja o.fl. Ákvæðið er í mótsögn við þá grundvallarbreytingu sem

kveðið er á um í reglugerðinni að almenn samskipti við notendur færast frá dreifiveitum til raforkusölufyrirtækja. Skilyrðið er að því er virðist einnig í mótsögn við 4. mgr. 7. gr. draganna, en þar segir: „Raforkusali skal upplýsa almennan notanda um samningsskilmála dreifiveitna við upphaf viðskipta þar með talið kostnað við að loka og opna veitu.“ Verður ekki betur séð en þessi ákvæði 3. og 4. mgr. 7. gr. séu í andstöðu hvort við annað og með öllu óljóst hvort notendur eiga að vera í samskiptum við dreifiveitur eða raforkusölufyrirtæki þegar stofnað er til viðskipta eða þeim breytt.

- Í *fimmta lagi* verður að vekja athygli á því að sú breyting sem kveðið er á um í 4. tölul. 4. gr. draganna – um að sölufyrirtæki taki yfir samskipti við notendur og innheimti gjöld vegna sölu, dreifingu og flutnings raforku – virðist í mótsögn við ákvæði 40., 41. og 42. gr. draganna. Í upphafi 2. mgr. 40. gr. draganna segir: „Dreifiveita gerir notanda reikning fyrir dreifingarþjónustu samkvæmt tengisamningi og gildandi gjaldskrá.“ Í 41. gr. draganna er svo að finna nánari útfærslu á umræddri reikningsgerð og samkvæmt 42. gr. er dreifiveitu heimilað að annast útsendingu og innheimtu reikninga fyrir sölufyrirtæki. Með öðrum orðum er hið eldra fyrirkomulag þannig fest í sessi með reglugerðinni. Er þannig grundvallarmótsögn í drögunum sem er ekki einungis óheppileg heldur leiðir til ónauðsynlegrar réttaróvissu. Verði drögin óbreytt að fullgildri reglugerð er þannig ekki náð fram þeirri meginbreytingu sem stefnt er að, en óbreytt ástand þvert á móti fest í sessi.
- Í *sjötta lagi* telur HS Orka nauðsynlegt að benda á að nær ógerlegt er fyrir sölufyrirtæki að standa skil á innheimtum gjöldum 15. hvers mánaðar, eins og ráðgert er í 4. mgr. 42. gr. draganna. Nærtækara er að miða við síðasta dag hvers mánaðar eins og almennt tíðkast í viðskiptum sem þessum.

### III.

HS Orka telur að auki rétt að vekja athygli á eftirfarandi ákvæðum draganna:

- Í 5. gr. draganna er mælt fyrir um skyldur flutningsfyrirtækis. Í 6. mgr. 5. gr. er mælt fyrir um skyldu flutningsfyrirtækis til að greiða þeim dreifiveitum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Til að gæta samræmis og jafnræðis er nauðsynlegt að bæta við ákvæðið skyldu til að greiða sölufyrirtækjum bætur af sömu sökum eða mæla fyrir um skyldur dreifiveitna til að afhenda hluta bótagreiðslunnar til sölufyrirtækja – enda ljóst að bæði sölufyrirtæki og dreifiveitur verða fyrir tjóni af þessum sökum.
- Þá telur HS Orka að sárlega vanti í 5. gr. draganna ákvæði sem leggi þá skyldu á flutningsfyrirtæki að greiða framleiðendum raforku bætur fyrir rof á flutningi frá framleiðslueiningu vegna skipulagðrar viðhaldsvinnu ef kerfi er ekki byggt upp með N-1 afhendingaröryggi.
- Samhliða setningu framangreindra reglna um skyldur flutningsfyrirtækis telur HS Orka nauðsynlegt að nógildandi reglur um tengikostnað nýrra virkjana verði endurskoðaðar frá grunni.
- Eins og áður segir er í 7. gr. draganna mælt með ítarlegum hætti fyrir um upphaf raforkuviðskipta, skipti á sölufyrirtæki og færsla á neysluveitu. HS Orka leggur ríka


áherslu á að ekki verði sköpuð óþarfa óvissa við þær breytingar á samningsfyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í ákvæðinu. Í því sambandi er það mat HS Orku að óraunhæft sé að sölufyrirtækjum takist að gera skriflegan eða rafrænan samning við alla notendur og taka yfir innheimtu dreifiveitu- og flutningsgjalda fyrir 1. janúar 2021 eins og mælt er fyrir um í 11. mgr. 7. gr. draganna.

- Þá ber að nefna að ákvæði 7. gr. draganna um „raforkusölusamning“ eru um margt óræð og óraunhæf. Það er meginregla íslensks réttar að samningur getur verið hvort sem er skriflegur eða munnlegur. Á grundvelli skilgreiningar íslensks réttar á samningshugtakinu er ljóst að HS Orka er nú þegar í samningssambandi við alla viðskiptavinina sína.
- Samhliða nýrri 15. gr. draganna um mælingu raforku í dreifikerfi telur HS Orka mikilvægt að gera dreifiveitum skylt að setja fram áætlun um hvernig þær hyggist gera alla sölumæla fjarmælda. Er það jafnframt mat HS Orku að nauðsynlegt sé að dreifiveitum verði settur skýr rammi um hvenær ljúka skuli fjarmælingu allra viðskiptavina þannig að hægt verði að notast við raunuppgjör raforkukerfisins á hverri klukkustund, enda mun það auka samkeppni um almenna notendur til muna.
- Í því sambandi leggur HS Orka til að í 28. gr. draganna verði kveðið á um skyldu dreifiveitna til að fjarmæla alla notendur sem nota meira en 50 KW eða 200.000 kWh á ári. Með því verður ótímamæld notkun á notkunarsvæðum mun minni og þar af leiðandi nákvæmni uppgjöra betri.
- Í 29., 30. og 34. gr. draganna er mælt fyrir um skil á mæligögnum og framsetningu gagnanna. Að mati HS Orku er tilefni til að kveða á um strangari kröfur um skil á gögnum og jafnvel bæta dagsektarákvæði við drögin, standi dreifiveitur ekki við þá skyldu sína að skila sölugögnum til söluaðila.

#### IV.

Að endingu lýsir HS Orka hf. sig fúsa til að senda sérfræðinga á fundi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins verði þess óskað til að gera nánari grein fyrir þeim atriðum sem hér hafa verið rakin.

Virðingarfyllt,



Friðrik Friðriksson

Framkvæmdastjóri framleiðslu og orkusölu



Finnur Beck hdl.

Forstjóri HS Orku hf.